

Þjónustusamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, kt. 670169-0229, gera með sér samning um þjónustu sem ÍBH leggur fram í bæjarfélaginu. Vísað er til samstarfssamnings um eflingu íþróttastarfs íþróttafélaganna og um uppbyggingu, rekstur, viðhald og afnot af íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði.

Umfang samnings

1. gr.

Samningurinn tekur til verkefna sem Hafnarfjarðarbær felur ÍBH og þeirrar þjónustu sem ÍBH veitir íþróttafélögum í Hafnarfirði og með hvaða hætti Hafnarfjarðarbær greiðir bandalaginu fyrir þjónustuna.

Stjórn ÍBH ber ábyrgð á framgangi samningsins og fær til þess fast framlag sem ákvarðað er við gerð fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert. Árið 2017 er framlagið 9.000.000 kr. Frá og með 1. janúar 2018 verður það 10.000.000 kr. Eftir það tekur þessu upphæð hækkunum/breytingum eins og bæjarstjórn samþykkir við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Hafnarfjarðarbær leggur endurgjaldslaust ÍBH til skrifstofu á efri hæð hússins og fundaraðstöðu á jarðhæð íþróttahússins við Strandgötu.

Samningsaðilar skulu funda varðandi framkvæmd þeirrar verkefna sem Hafnarfjarðarbær felur ÍBH og þeirrar þjónustu sem ÍBH veitir íþróttafélögum í Hafnarfirði. Fundirnir skulu fara fram í október ár hvert.

Þjónustuframlag ÍBH

2. gr.

ÍBH veitir aðildarfélögum sínum aðstoð og þjónustu, tekur þátt í samstarfsverkefnum, sér um verkefni fyrir Hafnarfjarðarbæ skv. 3. gr. og sinnir samskiptum og samstarfi við íþróttahreyfinguna á Íslandi. Samstarf Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélögin í bænum tekur mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnarstarf. Markmið Hafnarfjarðarbæjar er að stuðla að því að allir bæjarbúar eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði óháð efnahag fjölskyldna.

3. gr.

ÍBH skal reka skrifstofu sem fer með yfirstjórn íþróttamála og hefur það meginhlutverk að halda utan um fjárreiður og bókhald þess eins og lög og samningar gera ráð fyrir. ÍBH skuldbindur sig að fara eftir þeim skilmálum sem bærinn hefur sett hvað varðar ársreikninga og fjárhagsáætlanir skv. 7. gr. Önnur verkefni skrifstofu ÍBH eru meðal annars:

- Að aðstoða íþróttafélög við gerð starfsskýrslu ÍSí (sérstaklega þeirra sem hafa ekki yfir starfsmanni að ráða), sem send er til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og upplýsa íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar um stöðu aðildarfélaga sinna, svo sem varðandi fjölda iðkenda- og félaga.
- Að veita stjórnnum íþróttafélaga og deilda ráðgjöf, fylgjast með að þær haldi aðalfundi, leggi fram ársskýrslu og ársreikning og taka á mótum og varðveita þessi gögn og upplýsa íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar um stöðu aðildarfélaga sinna.
- Aðstoða ný félög við gerð laga og staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga ÍBH.
- Aðstoða ný félög/nýjar íþróttagreinar við aðildarumsókn inn í íþróttahreyfinguna.
- Að stuðla að samstarfi íþróttafélaga varðandi skipulag, fjármál, nýtingu á æfingatíma og annars íþróttastarfs.
- Fylgjast með að íþróttafélög fari að gæðaviðmiðum og að í íþróttastarfi fyrir börn og unglinga sé hreyfing, gleði og ánægja fyrir öll börn í fyrirrúmi.

- Vinna að gerð framkvæmdaráætlun vegna vinnu við framkvæmd á mati á gæðastarfi- og viðmiðum íþróttafélaga og eftirfylgd vegna þjónustusamninga Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna
- Sjá um tímaúthlutun íþróttamannvirkja sbr. 5. gr. og útleigu á æfingatímum til almenningshópa og að hafa umsjón með þeim hópum.
- Sjá um rekstur Afreksmannasjóðs ÍBH og hafa umsjón með endurskoðun reglugerðar um sjóðinn.
- Hafa umsjón með framkvæmd á samstarfssamningi við Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæ um íþróttastyrki fyrir 18 ára og yngri.
- Þátttaka í stjórnnum sem hafa umsjón með styrktarsjóðum fyrir börn af erlendum uppruna og fyrir stuðningsverkefni vegna fatlaðra barna.
- Þátttaka í þróunarverkefnum í Hafnarfirði sem tengist heilsueflingu og íþróttastarfi þar sem markmiðið er að bæta lífsgæði fólks og fjölga þátttakendum í íþróttastarfinu. Vekja áhuga foreldra á þátttöku í íþróttastarfi barnanna með fræðslu- og útbreiðsluverkefnum, s.s. vegna samskiptamála, jafnréttismála og vegna áfalla.

Gæðaviðmið

4. gr.

Í þjónustusamningum við aðildarfélög ÍBH segir að félögin skuli starfa í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga, hafa skýr markmið og útbúa kennslu- og æfingaskrá þar sem markmið þjálfunar í hverjum aldursflokki fyrir sig koma fram og áætlun í fræðslu- og forvarnarmálum. Stefnt skal að því að bókhald yngri flokka, yngri en 18 ára, og eldri flokka skuli vera aðskilið og að því verði lokið eigi síðar en í lok árs 2018. Þjálfarar skulu hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ og aðstoðarþjálfarar til staðar ef um stóra hópa er að ræða. Þjálfarar og annað starfsfólk íþróttafélaga sem starfar með börnum og unglingum skulu sækja námskeið um barnavernd sem Hafnarfjarðarbær skipuleggur þeim að kostnaðarlausu. Íþróttafélag skal sinna til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar og taka tillit til mismunandi þjóðfélagshópa (fötlun, búseta, þjóðerni, litarháttur). Íþróttafélög geta sótt um fjárstuðning fyrir stuðningsfulltrúa vegna þátttöku fatlaðra barna í almennum hópum í sjóð sem er í umsjón Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjarðarbær og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar fylgjast með að farið sé eftir gæðaviðmiðum, sjá fylgiskjal 1.

Tímaúthlutun

5. gr.

ÍBH úthlutar tímum í íþróttamannvirkjum sem bærinn hefur aðgang að á hverjum tíma. Tímafjöldi til úthlutunar ákveður Íþrótt- og tómstundanefnd hverju sinni sem Íþróttabandalag Hafnarfjarðar sér síðan um að skipta milli aðildarfélaga og skal gæta þess að jafnræði verði í þeirri úthlutun. ÍBH skal setja sér vinnureglur vegna tímaúthlutunar í íþróttamannvirkjum.

Upplýsingaskylda ÍBH og viðurlög

6. gr.

ÍBH er skylt að halda bókhald vegna rekstrar bandalagsins sem fært er samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- a) ÍBH skal skila ársreikningi-um og ársskýrslu til íþróttfulltrúa fyrir þing ÍBH annað hvert ár.
- b) Að loknu þingi ÍBH skal bandalagið skila þinggerð til íþróttfulltrúa með samþykktum þingsins og fjárhagsáætlun ÍBH til næstu tveggja ára.

7. gr.

Á grundvelli ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjöllum, frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði bandalagið ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðarmótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. ÍBH getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

8. gr.

Telji ípróttafulltrúi að rekstur ÍBH sé ekki samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, gæðaviðmið sem sett eru í samningi þessum, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði ÍBH ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðarmótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

9. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2017 og gildir til 31. desember 2022 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara. Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi fyrri rekstrarsamningur milli Hafnarfjarbæjar og ÍBH frá 10. febrúar 2006.

10. gr.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Ípróttabandalags Hafnarfjarðar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

11. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 22. febrúar 2018

Fh. Ípróttabandalags Hafnarfjarðar
með fyrirvara um samþykki -stjórnar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

Vottar að réttri dagssetningu og undirskrift aðila:

Fylgiskjal 1:

<i>Gátlisti v/ gæðakrafa</i>						
1	<i>Skipulag félags/deildar:</i>					
a	Starfað er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga:					
b	Skipurit er til staðar:					
c	Markmiðssetning félags/deildar er skýr og til opinberlega:					
d	Hefur starfsskýrslu ÍSÍ verið skilað?					
2	<i>Fjármálastjórn:</i>					
a	Er bókhald yngri og eldri flokka aðskilið eða stefnt að því?					
b	Er bókhald fyrir einstaka mannvirki aðskilið?					
c	Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið liggur fyrir og er skilað til íþróttafulltrúa:					
3	<i>Þjálfun og umgjörð þjálfunar og keppni:</i>					
a	Félagið/deildin hefur látið útbúa kennslu- og æfingaskrá:					
b	Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ:					
c	Aðstoðarþjálfarar eru til staðar ef um stóra hópa er að ræða:					
d	Samráðsfundir eru haldnir á meðal þjálfara:					
e	Æfingatafla liggur fyrir í lok ágúst ár hvert:					
4	<i>Félagsstarf:</i>					
a	Starfandi er foreldraráð eða ígildi þess og verksvið þess er skilgreint:					
b	Ungt fólk 16-25 ára á fulltrúa/áheyrnaraðila í stjórn félagsins eða félagið er með starfandi ungmennaráð:					
c	Áætlun um félagsstarf liggur fyrir:					
d	Félag/deild hefur mótað sér stefnu í fræðslu- og forvarnarmálum:					
e	Félag/deild hefur mótað sér stefnu í umhverfismálum:					
5	<i>Jafnréttismál:</i>					
a	Félag/deild sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar:					
b	Tekið er tillit til mismunandi þjóðfélagshópa:					
c	Félag/deild hefur sótt um stuðning til að tryggja fötluðu barni þátttöku:					
d	Fræðsla á vegum barnaverndar fyrir þjálfara hefur farið fram á vegum Hafnarfjarðarbæjar:					

Skýringar:

+ í lagi, (+) vantar örlítið uppá, / að hluta, (/) er í lágmarki, - vantar, ? þarf að athuga, X á ekki við

Íþróttafulltrúi og ÍBH vinna að eftirfylgt samningsins og gera með sér samkomulag um verksvið hvors aðila. Mat á framkvæmd samningsins skal meðal annars miðast að því að meta hvort íþróttafélag uppfylli ofangreindan matslista. Ef íþróttafélag uppfyllir ekki 90% atriða skal gefa viðkomandi íþróttafélagi tímabundið tækifæri til úrbóta. Verði að þeim fresti loknum ekki búið að uppfylla nægilegan hluta viðmiða hættir Hafnarfjarðarbær að greiða viðkomandi félagi greiðslur vegna þjónustusamnings þangað til ný úttekt hefur farið fram.